

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 251/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1429 frá 7. október 2020 um ráðstafanir til að stuðla að sjálfbærum járnbrautarmarkaði vegna COVID-19-faraldursins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 37a^q (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1795) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„37ar. **32020 R 1429**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1429 frá 7. október 2020 um ráðstafanir til að stuðla að sjálfbærum járnbrautarmarkaði vegna COVID-19-faraldursins (Stjtið. ESB L 333, 12.10.2020, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2020/1429, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2021 frá 24. september 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 12.10.2020, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING